

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1706  
komudagur 28.4.2006



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Reykjavík, 25.04.2005

Tilv. 073/2005 - 0.53

HG/JLÓ

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993.**

Með vísun í erindi dagsett 7. apríl 2005


Lýðheilstöð tekur undir nauðsyn þess að endurskoða þátttöku almannatrygginga í tannlækningakostnaði barna og unglunga en leggur áherslu á að greiðsluþátttaka almannatrygginga vegna kostnaðar við forvarnir hjá börnum/unglingum að 18 ára aldri verði 100%.


Mjög mikilvægt er að tryggja sem best aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og félagslegum aðstæðum. Forvarnir skipta meginmáli og telur Lýðheilsustöð að öll börn/unglingar yngri en 18 ára ættu að eiga þess kost að koma einu sinni á ári í skoðun til tannlæknis sér að kostnaðarlausu. Einnig ætti þeim að standa til boða nokkurskonar forvarnarpakki sem fæli í sér skoðun, fræðslu, röntgenmyndatöku, skráningu, flúorlökkun, skorufyllur og jafnvel eins flata plastfyllingar. Bágur efnahagur foreldra stæði þá ekki lengur í vegi fyrir reglulegu eftirliti/forvörnum gegn munnsjúkdómum. Lýðheilsustöð telur mikilvægara að efla forvarnir fyrir áhættualdurshópin 12 til 15 ára en að hækka viðmiðunaráldur í 20 ár. Gera má ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka vegna þessa en til lengri tíma litilð ættu kostnaðarliðir vegna tannviðgerða að minnka verulega.


Heilbrigðar lífsvenjur stuðla að betri munnheilsu. Forvarnir gegna þar lykilhlutverki. Draga þarf verulega úr sykur- og gosdrykkjaneyslu, bæta aðgengi að drykkjarvatni og leggja niður sykurtolla af kolsýrðu vatni. Ennfremur þarf að efla forvarnir og aðgengi að flúor innan grunn- og framhaldsskóla landsins. Byggja þarf upp eftirlitskerfi og hvatakerfi til þess að sem flestir komi í reglulega tannskoðun. Þá þykir rétt að benda á mikilvægi þess að samræmi ríki milli ráðherragjaldskrár, sem endurgreiðslur miðast við og raunkostnaðar vegna tannlækninga svo kostnaðarhlutdeild almannatrygginga standi undir nafni.

Lýðheilsustöð telur að til þess að ná sem bestum árangri í þessum málaflokki sé afar mikilvægt að efla forvarnir og þar með munnheilsuvitund þjóarinnar. Ekki er síður mikilvægt að tryggja fjármagn til að framkvæma rannsóknir á munnheilsu landsmanna. Um þessar mundir stendur yfir rannsókn á munnheilsu sex, tólf og fimmtán ára grunnskólabarna, MUNNÍS, og eru niðurstöður væntanlegar síðar á árinu. Um er að ræða fyrsta áfanga umfangsmikillar rannsóknar á munnheilsu landsmanna.

Virðingarfyllt,

  
Anna Elisabet Ólafsdóttir,  
forstjóri

  
Hólmfríður Guðmundsdóttir,  
tannlæknir

  
Jóhanna Laufey Ólafsdóttir,  
tannfræðingur